Alþingi
Erindi nr. Þ 137/359
komudagur 24.6.2009

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

23. júní 2009

Til Efnahags- og skattanefndar Alþingis
Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þingskjal 155 – 118 mál.

Stjórn Siðmenntar vill koma á framfæri athugasemdum sínum við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum en vill láta það koma skýrt fram að félagið tekur afstöðu til málefna sem snerta mannréttindi almennings og mun því einungis fjalla um þau atriði frumvarpsins sem að þeim snúa.

X kafli frumvarpsins

Breyting á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með síðari breytingum.
Tillagan gerir ráð fyrir að dregið verði úr framlögum til gjafsóknar einstaklinga. Stjórn Siðmenntar telur að um afturför sé að ræða og vill benda á að með breytingum á þessum lögum undanfarin ár hafi mjög verið þrengt að þeim möguleikum einstaklinga með þröng fjárráð að höfða mál og þar af leiðandi skerðir það mannréttindi þeirra. Í greinagerð með frumvarpinu er beinlínis leitt rökum að þrenginu heimilda til ákvörðunar um gjafsókn. Siðmennt telur að Alþingi sé skylt að hafa mannréttindi borgaranna í heiðri en ekki þrengja rétt þeirra.

TILLAGA SIÐMENNTAR:
Siðmennt leggur því til að í stað þess að draga úr framlögum til gjafsókna þurfi að styrkja réttindi og möguleika á að sækja mál fyrir dómstólum án þess að fjárhagur almennings ráði þar um.

XII kafli frumvarpsins

Breyting á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingum.
Tillaga ríkisstjórnarinnar til breytingar á sóknargjöldum er í raun tvíþætt. Annarsvegar er verið að lækka framlag af skattfé og auka þar með tekjur ríkisins og hinsvegar að leggja til breytingu vegna þeirra sem ekki eru skráðir í trúfélag.

Um fyrra atriðið, þ.e. lækkun á framlagi, þá hefur Siðmennt þá afstöðu að ríkið eigi ekki að vera þátttakandi í og framkvæmdaraðili að útdeilingu félagsgjalda til trúfélaga. Fjöldi annara félagasamtaka sjá sjálf um slíkt í dag eins og t.d. íþróttafélög, stjórnmálaflokkar auk ýmissa frjálsra félagasamtaka eins og t.d. Siðmennt. Í raun ætti því viðkomandi trúfélag að sjá sjálft um innheimtu félagsgjalda sinna og þ.a. l. lækkar skattur sem nemur sóknargjöidum.

Síðara atriðið telur Siðmennt stríða gegn mannréttindum - það að innheimta skatt af þeim sem ekki eru skráðir í trúfélag. Þessi afstaða hefur lengi verið skýr af hálfu Siðmenntar. Með þessari breytingu er í raun verið að staðfesta að um refsiskatt sé að ræða þeirra sem ekki eru í skráðu trúfélagi. Því er það enn ljósara en fyrr að gjörningurinn brjóti á mannréttindum. Það réttlætir heidur ekki, miðað við núverandi ástand í ríkisfjármálum, að brjóta á mannréttindum ákveðinna hópa eingöngu til þess að auka tekjur ríkssjóðs.

TILLAGA SIÐMENNTAR:
Siðmennt leggur til tvær tillögur: Í fyrsta lagi að Alþingi stígi skrefið til fulls og afnemi það hlutverk ríkisins að sjá um innheimtu og útdeilingu á félagsgjöldum trúfélaga og láti trúfélögum það eftir að innheimta þau. Síðari tillagan er um að afnema skatt á þá sem skráðir eru utan trúfélaga.

Virðingarfyllst

F.h. Siðmenntar
Bjarni Jónsson
Sími: 896 8101 – sidmennt@sidmennt.is